

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 82/2000

frá 2. október 2000

um breytingu á bókun 31 við EES-samninginn
um samvinnu á sérstökum sviðum utan marka fjórþætta frelsisins

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 86. og 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Bókun 31 við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 99/1999 frá 30. júlí 1999⁽¹⁾.
- 2) Rétt er að efla samstarf samningsaðilanna þannig að það taki til undirbúningsaðgerða til að auka evrópskt stafrænt efni í hnattrænum netkerfum, sem um getur undir fjárlagaliðnum B5-3 3 4 á almennum fjárlögum Evrópusambandsins fyrir fjárhagsárið 2000.
- 3) Því ber að breyta bókun 31 við samninginn til þess að þetta aukna samstarf geti hafist á fjárhagsárinu 2000.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 296, 23.11.2000, bls. 78 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 55, 23.11.2000, bls. 289.

1. gr.

Eftirfarandi málsgrein bætist við í 2. gr. í bókun 31 við samninginn:

„6. EFTA-ríkin skulu frá 1. janúar 2000 taka þátt í aðgerðum bandalagsins sem tengjast eftirfarandi fjárlagalið sem færður var inn á fjárlög Evrópusambandsins fyrir árið 2000:

- **B5-3 3 4:** Aukning evrópsks stafræns efnis í hnattrænum netkerfum.“

2. gr.

Í 1., 2. og 3. mgr. 2. gr. í bókun 31 við samninginn komi orðin „5. og 6. mgr.“ í stað 5. mgr.“.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 3. október 2000, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni(*).

Hún gildir frá 1. janúar 2000

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*.

Gjört í Brussel 2. október 2000.

*Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður*

G. S. Gunnarsson

*Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar*

G. Vik

E. Gerner